



Samþykktar á fundi í stjórn FOSL
21. febrúar 2022.

1. mars 2022

Úthlutunarreglur Fjölskyldu- og styrktarsjóðs (FOSL)

Réttur sjóðsfélaga til úthlutunar úr sjóðnum er háður því að greitt hafi verið styrktarsjóðsframlag vegna sjóðsfélaga í samtals 6 mánuði og þar af í 3 mánuði samfellt áður en atvik, sem veitir rétt til styrks úr sjóðnum, átti sér stað. Varðandi rétt til fæðingarstyrks er réttur þó háður því að greitt hafi verið styrktarsjóðsframlag vegna sjóðsfélaga í samtals 9 mánuði og þar af í 6 mánuði samfellt fyrir fæðingu barns. Sjóðstjórn getur vikið frá þessum skilyrðum við sérstakar aðstæður sjóðsfélaga.

1. Almenn réttindi sjóðsfélaga:

- 1.1. Í fæðingarorlofi. Læknar sem fara í fæðingarorlof og velja að greiða félagsgjald til LÍ meðan á því stendur halda fullum réttindum.
- 1.2. Í veikindum. Læknir sem hefur fullnýtt veikindarétt sinn hjá sjóðnum nýtur áfram annarra réttinda í sjóðnum í allt að eitt ár svo fremi að greitt er félagsgjald til LÍ.

2. Umsóknir og reglur:

- 2.1. Allir styrkir FOSL eru veittir samkvæmt umsókn sem skal vera á tilteknum eyðublöðum sem aðgengileg eru á heimasíðu Læknafélagsins
- 2.2. Eftirfarandi gildir um hverja tegund styrkja:
 - Sækja þarf um **fæðingarstyrk** innan 12 mánaða frá fæðingu barns eða þeim tíma sem barn er ætteleitt eða tekið í fóstur. Skila þarf inn fæðingarvottorði barns eða staðfestingu á ættleiðingu eða fóstri
 - Sækja skal um **veikindastyrk** eins fljótt og unnt er og að jafnaði eigi síðar en 12 mánuðum eftir upphaf veikinda. Skila þarf læknavottorði sem og staðfestingu vinnuveitanda um fullnýtingu veikindaréttar. Sjálfstætt starfandi læknar þurfa að skila inn staðfestingu skattýfirvalda um að launagreiðslur hafi fallið niður og upplýsingum um veikindatryggingu.
 - Sækja þarf um **útfararstyrk** eigi síðar en sex mánuðum frá andláti sjóðsfélaga eða fyrrum sjóðsfélaga. Umsókn skal fylgja dánarvottorð og staðfest ljósrit af reikningi fyrir útför.
 - Sækja skal um **aðra styrki** eins fljótt og unnt er og að jafnaði eigi síðar en 12 mánuðum eftir að styrkhæft atvik gerðist. Umsókn þurfa að fylgja kvittanir fyrir kostnaði meðferðar.
- 2.3. Réttindi til styrkja skulu að jafnaði vera bundin því starfshlutfalli, sem læknir gegnir á þeim tíma sem umsókn kemur fram, nema sérstakar aðstæður mæli gegn þeirri niðurstöðu að mati sjóðstjórnar.

3. Styrkir

- 3.1. **Fæðingarstyrkur:** læknir sem eignast barn, tekur barn til ættleiðingar eða í varanlegt fóstur getur sótt um fæðingarstyrk að fjárhæð kr. 450.000. Ef um fjölbura er að ræða

hækkar fjárhæðin um 50% fyrir hvert barn. Eingöngu læknað sem starfa og fá greidd laun á Íslandi eiga rétt á að fá greiddan fæðingarstyrk úr sjóðnum.

- 3.2. **Veikindastyrkur:** nemur 80% af grunni inngreiðslna sjóðsfélaga í sjóðinn síðustu 12 mánuði áður en greiðslur féllu niður þó að hámarki kr. 1.200.000,- á mánuði í fjóra mánuði. Hvert samfelld greiðslutímabil er að jafnaði fjórir mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili. Sá sem hefur fullnýtt þann rétt öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í 3 mánuði. Sjóðsfélagi sem er sjálfstætt starfandi hefur rétt til greiðslu veikindastyrks sem um launþega væri að ræða. Biðtími til veikindastyrks hjá sjálfstætt starfandi sjóðsfélagi vegna eigin veikinda skal vera að lágmarki 6 mánuðir.
- 3.3. **Styrkur vegna langvarandi veikinda ættingja:** Nú hefur læknir farið í launalaust leyfi vegna langvarandi veikinda ættingja og greiðir FOSL þá styrk sem nemur 80% af grunni inngreiðslna sjóðsfélaga í sjóðinn síðustu 12 mánuði áður en greiðslur féllu niður þó að hámarki kr. 1.200.000,- á mánuði í 3 mánuði. Hvert samfelld greiðslutímabil er að jafnaði 3 mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili. Sá sem hefur fullnýtt þann rétt öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í 3 mánuði. Sjóðsfélagi sem er sjálfstætt starfandi hefur rétt til greiðslu veikindastyrks sem um launþega væri að ræða. Biðtími til veikindastyrks hjá sjálfstætt starfandi sjóðsfélagi vegna eigin veikinda skal vera að lágmarki 6 mánuðir.
- 3.4. **Eingreiðslustyrkur:** heimilt er að veita sjóðsfélaga að jafnaði einu sinni á ári styrk úr sjóðnum með eingreiðslu allt að kr. 1.000.000,- vegna sérstakra aðstæðna sem hafa í för með sér launamissi. Með sama hætti er heimilt að veita sjóðsfélaga eingreiðslustyrk vegna verulegra sérstakra fjárútlát. Ef um launamissi er að ræða þarf sjóðsfélagi að sýna fram á tekjutap og að hann hafi tæmt veikindarétt sinn. Mögulegur hámarksstyrkur nemur þá 1.000.000 kr. Ef um veruleg sérstök fjárútlát sjóðsfélaga er að ræða s.s. vegna aðgerðar, sem ekki er greidd af sjúkratryggingum, en þó læknisfræðilega nauðsynleg, gleraugnakaupa, tannviðgerða eða sambærilegra útgjalda er heimilt að greiða helming af útgjöldunum, þó að hámarki 500.000 kr. Sjóðsfélagi sendir inn afrit af reikningi með umsókn sem þarf að vera að lágmarki kr. 300.000,-. Eingreiðslustyrk, hver sem ástæða hans er, má aldrei veita oftari en einu sinni á ári í þrjú ár samfelld.
- 3.5. **Styrkur vegna sálfræðimeðferðar:** greiddur er styrkur að hámarki kr.150.000,- á hverju 12 mánaða tímabili vegna sálfræðimeðferðar. Sjóðsfélagi sendir inn afrit af reikningi með umsókn sem þarf að vera að lágmarki kr. 150.000 kr.
- 3.6. **Styrkur vegna tækjakaupa:** greiddur er styrkur vegna tækjakaupa s.s. heyrnartækja. Greiddur er helmingur útlagðs kostnaðar þó að hámarki kr. 300.000,-. Reikningar vegna tækjakaupa þurfa að vera að lágmarki kr. 300.000,-.
- 3.7. **Styrkur vegna glasafrjóvgunar:** hámarksstyrkur vegna glasafrjóvgunar er kr. 500.000. Þegar félagsmaður hefur fengið hámarksgreiðslu kr. 500.000 vegna glasafrjóvgunar endurnýjast rétturinn ekki. Greiddur er einn styrkur vegna hverrar meðferðar.
- 3.8. **Útfararstyrkur:** greiddur er útfararstyrkur að hámarki kr. 750.000,- vegna fráfalls greiðandi sjóðsfélaga. Réttindi sjóðsfélaga haldast innan eins árs frá starfslokum. Sýna þarf fram á útfararkostnað þegar sótt er um styrkinn.
- 3.9. **Endurhæfing á heilsustofnun:** greiddur er styrkur að hámarki kr. 250.000,- á þriggja ára fresti vegna dvalar til endurhæfingar að læknisráði á Íslandi. Heimilt er þó að nýta styrkinn til endurhæfingar á viðurkenndri stofnun erlendis en umsókn um slíka endurhæfingu þarf ávallt að fara fyrir stjórn sjóðsins.

3.10. **Styrkur vegna áfengis- og vímuefna meðferðar:** Heimilt er að greiða styrk í allt að 3 mánuði vegna sjúkdóms sem stafar af ofneyslu áfengis eða vímuefna enda fái sjóðsfélagi ekki greidd laun frá launagreiðanda sínum meðan á meðferð stendur. Fjárhæð styrkjar er hin sama og styrkja skv. gr. 3.2 enda sé sýnt fram á að sjóðsfélagi sé ekki að njóta veikindalauna í meðferðinni.

4. Fylgiskjöl umsókna:

Fæðingastyrkur:

- Fæðingarvottorð barns

Veikindastyrkur:

- Læknisvottorð
- Staðfesting frá vinnuveitanda um launaleysi.
- Ef um er að ræða sjálfstætt starfandi sjóðsfélaga þarf að skila inn staðfestingu skattýfirvalda um að launagreiðslur hafi fallið niður og upplýsingar um veikindatryggingar viðkomandi.
- Staðfesting á hjúskap eða sambúð ef sótt er um veikindastyrk vegna langvarandi veikinda maka/sambúðarmaka.

Eingreiðslustyrkur:

- Vottorð frá lækni.
- Staðfesting frá vinnuveitanda að sjóðsfélagi hafi fullnýtt veikindarétt sinn.
- Kvittanir fyrir útgjöldum.

Ýmsir eingreiðslustyrkir:

- Vottorð frá lækni um nauðsyn meðferðar (ef við á).
- Kvittanir fyrir útgjöldum.

Útfararstyrkur:

- Dánarvottorð.
- Staðfest ljósrit af reikningi fyrir útför.